

60. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholtsskóla fimmtudaginn 13. janúar 2010 kl. 9:30.

Mætt voru: Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir. Í fjarveru formanns, herra Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands, stýrði sr. Kristján fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar. Frestað.
2. Á fundinn mættu Vilhjálmur Bjarnason, Benedikt Jóhannsson og Runólfur Smári Steinþórsson. Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs og með erindisbréfi frá biskupi Íslands, þá hefur Vilhjálmi Bjarnasyni dósent, verið falið að gera úttekt á rekstri, fjárhag, skipulagi og starfssemi Skálholts. Vilhjálmur hefur fengið sér til aðstoðar dr. Runólf Smára Steinþórsson, prófessor við Viðskiptadeild H.Í og Benedikt Jóhannesson stærðfræðing hjá Talnakönnun hf.

Aðalefni fundarins var að fara með úttektarmönnum yfir fjárhagsstöðuna, skipulag og rekstur með stjórn, framkvæmdarstjóra og rektor. Reynt var að gefa sem skýrasta mynd af stöðunni og fjöldi gagna lagður fram. Eftir matarhlé var gengið til kirkju og önnur húsakynni staðarins einnig skoðuð þ.m.t. hin nýja Gestastofa.

Fram kom að gengið er út frá því að niðurstöður úttektarinnar verði lagðar fram á næsta fundi kirkjuráðs í byrjun febrúar.

Fundi slitið kl. 15:00
Hólmfríður Ingólfssdóttir